

8. bekkur tónmennt

Kennarar: Ólafía Linberg Jensdóttir

Lýsing

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat, þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta menningar. Nemendur fá að tjá sig og allir hafa hæfileika til að skapa.

Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna og nemendur eiga að þekkja hljóðfæri og hlóðblæ í tónsköpum og hlustun.

Í tónmennt er unnið eftir hæfnimarkmiðum aðalnámskrár frá 2013.

Markmið

Efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stílum tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Námsefni

Hljóðspor, Dægurspor, veraldarvefurinn.

Kennsluaðferðir

Innlögn, samvinna, umræður, hlustun og tónlistarsköpun.

Námsmat

Símat, virkni og þátttaka í kennslustundum. Metið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár Grunnskólanna.

Tónmennt fyrir 8.- 10. bekk - Tónmennt

- Greint, valið og notað hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun.
- Tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði.
- Tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, s.s. kórsöng eða samspili sjálfum sér og öðrum til ánægju.
- Greint, útskýrt og endurskoðað eigin sköpunarverk og samnemenda í tónlist af sanngirni og virðingu.
- Greint og útskýrt ólík tónlistarstílbrigði, hljóðfæri og hljóðgjafa og sett í persónulegt, sögulegt og menningarlegt samhengi.